

Föstudaginn 20. desember 1957.

Nr. 1/1957.

**Meistarafélag prentsmyndasmiða og
Prentmyndasmiðafélag Íslands**

(Ragnar Jónsson hrl.)

gegn

Rafmyndum h/f

(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

**Dómarar samkv. 3. mgr. 39. gr.
laga nr. 80/1938, sbr. l. nr.
70/1954, Eggert Þorsteinsson og
Björn Sveinbjörnsson í stað Ein-
ars B. Guðmundssonar og Ragn-
ars Ólafssonar.**

Úrskurður um öflun gagna.

Úrskurður.

Áður en mál þetta verður dæmt, þykir með visun til 56. gr. laga nr. 80/1938 rétt, að málsaðiljar afli álitis tveggja dómkvaddra sérfróðra manna um eftirtalin atriði:

1. Hvort hægt sé, með eða án breytinga, að gera myndamót úr málmni með Klichégrafvél þeirri, eign Rafmynda h.f., sem um ræðir í máli þessu. Og sé það hægt, að láta þá jafnframt í té álit á því, hvort hægt mundi að umbæta slíkt málmmyndamót eftir að Klichégrafvélin hefur skilað því fullunnu frá sér.

2. Hvort hægt sé, að umbæta plastmyndamót þau, sem vélin framleiðir, eftir að hún hefur skilað þeim fullbúnum frá sinni hendi og hreinsun sú, sem lýst er í vottorði Geirs Herbertssonar, rjsh. 5, hefur verið framkvæmd.

Loks skal afla álitserðar þessara sömu manna um það, hvort gæði myndamóta þeirra (í plast eða málm), sem nefnd myndavél framleiðir, muni að einhverju leyti geta verið undir því komin, hvort það er maður með sveins eða meistaraprófi í prentljósmynda- eða prentmyndasmíði, sem stýrir myndamótaframleiðslu Klichégrafvélarinnar, eða það er ófaglærður maður í nefndum iðnaðargreinum, sem framkvæmir verkið.

Þá er rétt, að aðiljar afli annarra þeirra gagna, sem nefnd framhaldsgagnasöfnun kann að gefa tilefni til.

Því úrskurðast:

Rétt er að aflað sé framangreindra gagna.
